



Fréttabréf Brekkuskóla

6. nóvember 2016
3. tbl. skólaárið 2016-2017
Ábyrgðarmenn: Stjórnendur

Ágæta skólasamfélag.

Nóvember er skollinn á og ekki hægt að segja annað en að veðrið leiki við okkur. Það hefur varla komið snjókorn úr lofti og einhvern veginn er allt miklu léttara í þessari veðurlíðu. Við hvetjum hvert annað til að nýta blíðuna og ganga í skólann því við vitum að hreyfing gerir okkur gott en minnum líka á mikilvægi þess að taka fram endurskinsmerkin því nú er dimmt á morgnana þegar börnin okkar eru á leið í skólann.

Nú stendur undirbúningur fyrir árshátíð sem hæst, hún verður haldin hátíðleg þann 10. nóvember. Árshátíðin verður með venjubundnu sniði með kökuhlaðborði 10. bekkja, Ævintýralandi 6. bekkinga, söng, leiksýningum og pylsuveislu. Við hlökkum til að eiga þennan tíma saman og fá að njóta fjölbreyttra dagskrárliða á lokaæfingum og á sjálfan árshátíðardaginn.

8. nóvember ár hvert er helgaður baráttunni gegn einelti í samfélaginu og er dagurinn nú haldinn í sjötta sinn. Skólar, félags- og frístundamiðstöðvar, vinnustaðir og landsmenn allir eru hvattir til að hugleiða hvernig við getum stuðlað að jákvæðara samfélagi fyrir alla. Hægt er að minna á daginn með táknrænum hætti og beina umræðunni að einelti og afleiðingum þess. Brekkuskóli hefur tekið þátt frá upphafi og var m.a. unnin áætlun um það hvað skólinn gerir til að vekja athygli á þessari baráttu. Hver árgangur í skólanum hefur ákveðin verkefni sem tekin eru fyrir við þetta tilefni. Að þessu sinni ætlum við að taka 14. og 15. nóvember frá í þetta þar sem undirbúningur fyrir árshátíð skólans er á fullu þessa viku.

Föstudaginn 18. nóvember kemur Ævar vísindamaður í heimsókn og hittir 2.—5. bekk og fimmtudaginn 24. nóvember mun grunnsveit tónlistarskólans á Akureyri kíkja í heimsókn og leika nokkur skemmtileg lög fyrir nemendur í 1. - 4. bekk.


Þann 28. nóvember er starfsdagur þar sem allt starfsfólk kemur saman til að ræða málefni skólastarfsins, endurmennta sig og búa sig undir komandi mánuði á margvíslegan hátt.

Þrátt fyrir þessa viðburði gengur skólastarfið sinn gang og birtast upplýsingar um það í vikupóstum til foreldra ásamt því að námsmatið birtist jafnt og þétt í námsframvindukerfi mentor.

Með ósk um ánægjulegan nóvembermánuð og góðri kveðju úr skólanum!

Árshátíðardagur, sýningar árganga á sal:

- | | |
|---|------------------------------------|
| 1. bekkur kl. 12:30 | 7. - 8. bekkur kl. 14:30 og 17:00 |
| 2. bekkur kl. 12:00 | 9. - 10. bekkur kl. 15:30 og 18:00 |
| 3. bekkur kl. 11:30 | |
| 4. bekkur kl. 13:00 | |
| 5. bekkur kl. 13:45 | |
| 6. bekkur kl. 12 - 18 hlutavelta og ævintýraveröld í stofum | |



Úr stefnu skólans:

- Við sýnum öðrum virðingu, kurteisi og tillitsemi
- Við dæmum ekki og erum tilbúin til að aðstoða hvert annað
- Við erum umhyggjusöm og reiðubúin til samvinnu og samhjálp
- Öll þurfum við að finna tilgang með vinnu okkar, fá tækifæri til að hafa áhrif og láta ljós okkar skína.



Brekkuskóli

v/Skólastíg
600 Akureyri
sími 462-2525
www.brekkuskoli.is

Menntun

Gleði




Umhyggja

Framfarir

Skólaping um samskipti og líðan í skólastarfi

Hér eru nokkrar myndir frá skólapingi sem við höldum í Brekkuskóla þann 11. október sl. Þetta var þriðja skólapingið sem við höldum og segja má að það sé komin ágæt hefð með að halda skólaping annað hvert ár. Að þessu sinni var viðfangsefnið, samskipti og líðan í skólastarfi. Um 45 manns tóku þátt og var Helgi Svavarsson foreldri við skólann þingforseti og setti þingið, leiðbeindi og safnaði svo niðurstöðum í lokin. Hver hópur skráði hugmyndir sínar um svör við spurningum sem lagðar höfðu verið fyrir þingið. Atriði á miðum voru rædd og flokkuð og hengd upp á töflur. Unnið verður með niðurstöðurnar næstu mánuði. Ánægjumælir þátttakenda skólapingins sýndi greinilega ánægju með þingið.

Brekkuskóli þakkar öllum sem lögðu sitt af mörkum fyrir framlag til bætts skólastarfs.



Viðburðadagatal og matseðill – Nóvember 2016

	Æfingar á sviði hefjast	1. 2. Hakkbollur, kartöflur, sósa, salat, og ávextir	2. Öfnsteiktur fiskur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	3. Steiktur kjúklingur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	4. Skyr, brauð, álegg salat og ávextir	5.
6.	7. Steiktur fiskur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	8. Kjöttbollur, kartöflur, grænmeti, sósa og ávextir. Baráttu- dagur gegn einelti	9. Öfnbökud ýsa, kartöflur, sósa, salat og ávextir.	10. Pylsur, pylsubrauð, steiktur laukur, sinnep og tómatsósa Árshátíð Brekkuskóla Nánar á vefsíðu skólans	11. Pastaréttur, salat brauð og ávextir.	12.
13.	14. Öfnbakaður fiskur, kartöflur, sósa, salat og ávextir. Vinna árganga v. baráttudags gegn einelti.	15. Heitt slátur, kartöflur, grænmeti, sósa og ávextir. Vinna árganga v. baráttudags gegn einelti.	16. Dagur íslenskrar tungu Gufusöðinn fiskur, kartöflur, rúsgbrauð, salat og ávextir.	17. Grænmetisréttur, sósa, salat og ávextir.	18. Grjónagrautur, slátur og ávextir. Ævar vísindamaður í heim-sókn 2.–5. bekkur	19.
20.	21. Kjöttbúðingur, kartöflur, sósa, salat og ávextir.	22. Silungur kartöflur, sósa, salat og ávextir.	23. Lambapotturéttur, kartöflur, salat og ávextir.	24. Fiskiréttur, kartöflur, salat og ávextir. Grunnsveit tónlistar-skólans 1.–4. bekkur	25. Rjómalöguð súpa, brauð, álegg og ávextir.	26.
27.	28. Starfsdagur Frístund lokuð e. háð.	29. Kjöt, kjötsúpa og ávextir.	30. Tortilla, salat, sósa og ávextir.		Hafragrautur alla morgna frá 07:45–07:55 og í frímínútum kl. 9:20 hjá unglingastigi	

Vinabekkir í Brekkuskóla

Í Brekkuskóla eru vinabekkir sem standa saman og vinna saman. Dæmi um verkefni vinabekkja eru: Jafningjafræðsla í upplýsinga- og tækni-mennt, vinavaktin sem skipuleggur og kennir vinabekk leiki og þema-verkefni um listaverk á Brekkunni. Hér má sjá sýnishorn úr þeirri vinnu, myndir sem nemendur teiknuðu af styttnum; Harpa bænarinna og Heimur vonar.

Vinabekkir:

- 1. og 6. bekkur
- 2. og 7. bekkur
- 3. og 8. bekkur
- 4. og 9. bekkur



Gyllti staurinn

Á skólalóð Brekkuskóla er ljósastaur sem málaður hefur verið gylltur. Nemendur sem hafa engan að leika við í frímínútum geta farið að staurnum.

Aðrir nemendur hafa þá það hlutverk að bjóða viðkomandi nemanda með í leik.



Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir